

LÖG

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum (eftirlitsgjald, EES-reglur).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sérhver fasteignasali skal greiða árlegt eftirlitsgjald í ríkissjóð að fjárhæð 75.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Gjaldalagi gjaldsins er 1. júlí. Ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Gera má aðför án undangengins dóms til fullnustu vangoldnu eftirlitsgjaldi, ásamt áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum.

2. gr.

Við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að fasteignasali gæti að fyrirmælum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. apríl 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.